



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) mánudaginn, 31. maí 2010

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 31. maí 2010, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

#### **Dagskrárliður 1**

Byggingarfulltrúi leggur fyrir lóðablað unnu af Landmótun skipulagsstofu fyrir Mílu Lóðirnar eru í landi Hnjúka, efst á Hnjúknum. Lóð B er undir fjarskiptamastur og tækjahús Ríkisútvarpsins, stærð lóðar er 986m<sup>2</sup>. Ný lóð A undir fjarskiptamastur og tækjahús Mílu sem fyrirhugað er að byggja er 384m<sup>2</sup>. Fjarskiptamastríð er fyrir örbylgjusenda og á að vera svipað og fjarskiptamastur Ríkisútvarpsins.

Afgreiðsla:

Nefndin mælir með að gerður verði lóðasamningur fyrir lóð A og B.

#### **Dagskrárliður 2**

Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði.

Lárus B. Jónsson sækir um leyfi fyrir að reka sumarhús nr. 26-27-28-29 í flokki II yfir gististaði, í Brautarhvammi Blönduósi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþ. þessa umsókn með fyrirvara um að gerð verði lokaútekt byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.

#### **Dagskrárliður 3**

Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði.

Jolanta Tomaszewska sækir um leyfi fyrir að reka krá/ bar í flokki III yfir veitingastaði, að Aðalgötu 2 Blönduósi.

Afgreiðsla:

Framkvæmdir eru ekki komnar á það stig að nefndin sjái sér fært að veita leyfið að svo stöddu.

#### **Dagskrárliður 4**

Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði.

Jónas Skaftason sækir um áframhaldandi leyfi fyrir veitingastaðinn Ljón norðursins.

Afgreiðsla:

Nefndin sér sig ekki fært að samþykkja leyfið þar sem teikningar eru ekki í samræmi við bygginareglugerð, sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi ekki til staðar og neyðarlýsing ekki í samræmi við byggingarreglugerð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25.

*Þórður Pálsson (sign)*

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*

*Valgerður Gísladóttir (sign)*

*Gauti Jónsson (sign)*

*Heiðrún Bjarkadóttir (sign)*

*Jóhann K Jóhannson, slökkviliðsstjóri ( sign)*

*Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)*